



Alþingi
Erindi nr. Þ 132/1543
komudagur 6.4.2006

Heilbrigðis- og trygginganefnd Alþingis
b.t. Elínar Valdísar Þorsteinsdóttur nefndarritara
Alþingi við Austurvöll
150 Reykjavík

Seltjarnarnesi, 3. apríl 2006
2006030260/91/SG/gh

Efni: Tillaga til þingsályktunar um takmörkun auglýsinga á óhollri matvöru

Eins og fram kemur í greinargerð með þingsályktuninni er offita að verða eitt af helstu heilbrigðisvandamálum á Vesturlöndum. Margra leiða er leitað til að stemma stigu við vandanum en lausnir eru flóknar og margþættar. Eitt af því sem bent hefur verið á er að efla þurfi samstarf við framleiðendur skyndibita og annarrar matvöru sem ekki telst holl í venjulegum skliningi þess orð. Þó skyndibitar séu alls ekki eina orsök vaxandi offitu meðal barna og ungmenna er mjög líklegt að pund þeirra vegi þungt. Samstarfið þarf því m.a. að snúa að aukinni ábyrgð skyndibitaframleiðenda, við þurfum að fá þá í lið með okkur. Takmörkun á auglýsingum á tilteknum tímum í sjónvarpi, kvikmyndahúsum og blöðum er ein leið en e.t.v. er tækifæri til að hugsa þetta mál heildstætt nú. Nefnd sem skipuð var af forsætisráðherra til að gera tillögur um forvarnir gegn offitu mun skila álitum innan tíðar. Vonandi vekur niðurstaða hennar upp umræðu.

Ég vil því leyfa mér að leggja til að þingsályktunartillagan snúi almennt að samstarfi við matvælaframleiðendur um hvernig þeir geta komið að því með öðrum í samfélaginu að stemma stigu við offitu.

Virðingarfyllst,


Sigurður Guðmundsson
landlæknir